



# FRÉTTABLAÐ SSOVÍ apríl 2011



## Nuddmót og Aðalfundur SSOVÍ 2011

Að Gauksmýri í Húnnavatnssýslu

Föstudaginn 29. apríl kl.18:00 til sunnudagsins 1. maí kl.15:00

## Kæru félagar í SSOVÍ

Í ár ætlum við að halda nuddmótið okkar góða að Gauksmýri í Línakradal í Húnabingi vestra, sjá [www.gauksmyri.is](http://www.gauksmyri.is). Gauksmýri er nákvæmlega mitt á milli Reykjavíkur og Akureyrar eða 194 km frá hvorum stað. Gauksmýri er við þjóðveg 1, næstu þéttbýlisstaðir eru Laugarbakki 7 km og Hvammstangi 10 km, báðir Reykjavíkurmegin.

Þetta er árviss viðburður og kærkomin gleði að hittast og eiga góða helgi saman, vera í félagsskap fólks með sama áhugamál og njóta íslenskrar gestrisni og náttúru.

**Fyrirlesturinn og fræðslan** í ár er aldeilis ekki af verri endanum, það er Anna Svava Traustadóttir sem verður með fyrirlestur um námskeið sem heitir Drekaleiðin (The Dragon's way) Þetta er einstök heilsu- og vellíðunaráætlun byggð á kenningum hefðbundinnar kínverskrar læknisfræði. Hún mun stikla á stóru varðandi flokkun atriða með hliðsjón kenninga um frumöflin fimm og sýna Qigong æfingar sem kenndar eru á þessu námskeiði og kenna okkur 2-3 æfingar ef áhugi er fyrir því og eitt og annað skemmtilegt.

Skólinn heitir Traditional Chinese Medicine World Foundation og er staðsettur í New York og meistarinn heitir Nan Lu. [www.tcmworld.org](http://www.tcmworld.org)

**Aðalfundur félagsins** er haldinn í tengslum við nuddmótið, gott er fyrir alla félagsmenn að fylgjast með félagsmálum. Í ár munum við til dæmis ræða hug félagsmanna um sameiningu svæðameðferðafélaganna tveggja, SSOVÍ og SMFÍ.

Á **Gauksmýri** ætlum við að hafa það gott og borða hollann og góðann mat. Nú er tilvalið tækifæri að hitta gamla og nýja félaga, allir félagar velkomnir hvort sem þeir hafa lokið námi eða ekki og hvort sem þeir hafa komið áður eða ekki og líka hvort sem þeir eru eitthvað að nudda eða ekki, það er alltaf gaman að sjá ný andlit. Við öll skiptum máli fyrir félagið því að við erum félagið það væri ekki til án okkar. Njótum þess að koma saman og hlaða okkur orku í húnverskri náttúru.

Kærleikskveðja  
Svana Kristinsdóttir  
formaður

# Dagskrá Nuddmóts SSOVÍ

29. apríl til 1. maí 2011

## Gauksmýri í Línakradal í Húnaþingi vestra

Föstudagur 29.apríl.

- kl.18:00 Mæting.
- kl.19:30 Léttur kvöldverður: Salatbar með heimabökuðu speltbrauði og hummus.
- kl.20:30 Nudd og skiptinudd.
- kl.22:30 Slökun fyrir svefninn.

Laugardagur 30.apríl.

- kl.08:00 Gönguferð. Fuglaskoðun.
- kl.09:00 Morgunverður, hollur og næringarákur.
- kl.09:30 Fræðsla hjá Önnu Svövu um Drekaleiðina Qigong og hefðbundnar kínverskar lækningar.
- kl.12:00 Léttur hádegisverður:  
Súpa, salatbar, heimbakað speltbrauð og humus.
- kl.13:00 Sund/heitur pottur/ kaupstaðarferð.
- kl.16:30 Aðalfundur SSOVÍ.
- kl.17:30 Frjáls tími.
- kl.20:00 Hátíðar kvöldverður: Pestó og furuhnetuhjúpaðar kjúklingabringur, hýðishrísgjón og annað hollt meðlæti. Jarðarber og granatepli með marcoponesósú.
- kl.21:00 Kvöldvaka, glens og gaman, allir hressir fram á nótt.

Sunnudagur 1 maí.

- kl.09:00 Morgunverður, hollur og næringarákur.
- kl.09:30 Nudd og skiptinudd.
- kl.12:00 Hádegisverður: Ofnbakaður Lax með hollu meðlæti, kaffi/te og konfekt.
- kl.13:00 Heilsusamlegar umræður og ráðgjöf Önnu Svövu.
- kl.14:00 Hringborðsumræður.
- kl.15:00 Mótslit og kveðjustund.

### **Þáttökugjald er aðeins 15000 kr**

Innifalið: Gisting í tveggja manna herbergi. Uppbúin rúm í tvær nætur. 1500 kr aukagjald fyrir eins manns herbergi nóttin. Allur matur sem er upp talinn í dagskránni og einnig hollar kræsingar með aðalfundinum.

Fræðsla og fróðleikur. Tvö nudd og skiptinudd.  
Andleg og líkamleg næring. Glens og gaman heila helgi.

**Skráning á nuddmótið fer fram hjá stjórn félagsins.**

**Svana formaður [svanahk@gmail.com](mailto:svanahk@gmail.com) sími 898-0467**

**Anna Svava gjaldkeri [ast@talnet.is](mailto:ast@talnet.is) sími 895-6640**

**Bergljót ritari [heggasig@nett.is](mailto:heggasig@nett.is) sími 864-8414**

# Aðalfundarboð

**Aðalfundur SSOVÍ 2011 verður haldinn að Gauksmýri í Línakradal í Húnavatnssýslu laugardaginn 30. apríl kl. 16:30**

**Dagskrá: Venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt 7. grein samþykkta félagsins.**

- 1. Kosning fundarstjóra og ritara aðalfundar.**
- 2. Skýrsla stjórnar.**
- 3. Lagður fram endurskoðaður ársreikningur félagsins til afgreiðslu.**
- 4. Tillögur til breytinga á samþykktum félagsins ef um þær er að ræða.**
- 5. Kosning formanns.**
- 6. Kosning meðstjórnenda og þriggja fulltrúa í siðanefnd SSOVÍ.**
- 7. Kosning fulltrúa í stjórn BIG og þingmanna á bandalagsþing BIG.**
- 8. Kosning endurskoðanda og vara endurskoðanda reikninga félagsins.**
- 9. Tillaga stjórnar um árstillag félagsmanna næsta reikningsárá.**
- 10. Önnur mál.**

Engar tillögur eru um lagabreytingar.

Kveðja stjórnin

\*\*\*\*\*

**Heimasíðan:** [www.svaedamedferd.is](http://www.svaedamedferd.is)

Eru ekki allir búnir að líta á heimasíðuna okkar ?

Katrín Jónsdóttir [katjons@internet.is](mailto:katjons@internet.is) heldur utan um hana.

SOVfræðingar geta skráð nöfn sín og síma á heimasíðuna sér að kostnaðarlausu.

\*\*\*\*\*

**Netföng félagsmanna.**

Enn vantar þó nokkuð upp á að félagið hafi netföng félagsmanna.

Endilega látið stjórn vita ef netfang breytist eða ef við höfum ekki haft það frá ykkur, það er þægilegt að láta ykkur fréttu af gangi mála ef við værum með fullkominn netfangalista.

\*\*\*\*\*

**Áhugavert námskeið fyrir svæða- og viðbragðsfræðinga verður haldið í Reykjavík dagana 21-24 september.**

Námskeiðið er samtals 32 kennslustundir.

Sjá nánar um námskeiðið á heimasíðu  
SSOVÍ

Einnig nánari upplýsingar um námskeiðið:  
[erna@kopur.is](mailto:erna@kopur.is) og  
[annemay@simnet.is](mailto:annemay@simnet.is)



## **Skýrsla stjórnar S.S.O.V.Í. 2010 -2011**

Í stjórn sambands svæða- og viðbragðsfræðinga á Íslandi eru: Svana Kristinsdóttir formaður, Ann a Svava Traustadóttir gjaldkeri og Bergljót Sigurðardóttir ritari. Okkar fulltrúi í Bandalagi Íslenskra græðara er Arnhildur Magnúsdóttir og þingmenn okkar þar eru Svana Kristinsdóttir og Svava Hlíð Svavarsdóttir.

Stjórnarfundir á árinu voru 10, þar sem meðal annars var tekið fyrir umræða um sameiningu svæðameðferðafélaganna tveggja, Sambands svæða- og viðbragðsfræðinga á Íslandi og Svæðameðferðafélags Íslands. En eins og er, þá erum við ekki búin að fá umrædd gögn í hendurnar til að geta metið hvort það sé grundvöllur fyrir umræðu um sameiningu.

Síðastliðið vor var nuddmótið okkar haldið að Löngumýri í Skagafirði og þar var aðalfundur SSOVÍ haldinn. Þarna áttum við notalega og góða helgi, fengum góðan fyrirlestur, hollan og góðan mat og nudduðum svo hvort annað eins og venjulega.

B.I.G. hélt ráðstefnu síðastliðið haust sem formaður okkar fór á, en þar voru margir áhugaverðir fyrirlestrar. Arnhildur Magnúsdóttir og Svava Hlíð Svavarsdóttir okkar félagar voru með fyrirlestur um andlitsnudd sem þær læruð í Bretlandi. Björg Skarphéðinsdóttir og Erna Líndal voru í undirbúningsnefnd fyrir okkar félag. Stjórn sendir bestu þakkir til þeirra fyrir vel unnin störf.

Litlu jól voru haldin á Ísis heilsuhofi á Akureyri í lok nóvember þar sem félagar okkar komu hver um sig með einn rétt á hlaðborð og líttinn jólapakka. Þar áttum við notalega stund saman og var alveg ágætlega mætt.

Við sendum út tvö fréttabréf á árinu sem eru einnig á heimasíðunni okkar. Heimasíðan er reglulega uppfærð og er okkur til sóma. Katrín Jónsdóttir á heiðurinn af því.

Fyrir hönd stjórnar S.S.O.V.Í.  
Svana Kristinsdóttir formaður